

Samfélagsnefnd

Fundur nr. 32 Dags. 18.02.2021



Fundarstaður: Végarður, kl. 14:00-15:25

Á fundinn mættu: Þórhallur Jóhannsson (fjarfundi), Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnar Gunnarsson og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri. Signý Ormarsdóttir, boðaði forföll sem og varamaður hennar Jóna Árný.

Sveitarstjóra, Helga Gíslasyni, boðið til fundar.

Dagskrá:

1. Staða verkefna á vegum sveitarstjórnar
 - a. Byggðakjarninn
 - b. Önnur verkefni
2. Staða verkefna.
3. Önnur mál.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fund og gaf sveitarstjóranum orðið.

1. Staða verkefna
 - a. Byggðakjarni

Það hefur komið í ljós að einn af þeim stöðum sem var fyrir valinu er dottinn út, þ.e. Vallholt. Umræður um fyrirkomulag við vinnu við deili- og aðalskipulag sveitarfélagsins.

- b. Önnur mál

Umhverfisstefna. Sveitarstjórn hefur samþykkt að það verkefni fari af stað sem samfélagsþing lagði til ásamt því að fara í innviðagreiningu. Verkefnastjóri FFF kemur að þeirri vinnu.

Heimasíðan www.fljotsdalur.is. Mótaður var vinnuhópur til að endurskoða heimasíðuna. Verkefnastjóri FFF lagði, m.a. fram könnun til að fá álit Fljótisdælinga á henni. Einnig liggja fyrir gögn frá nýbúum um síðuna sem unnið verður með. Fundað hefur verið með PES um vinnuna. Verið er að móta veftré fyrir síðuna, einnig þarf að vinna í að safna efni til að setja inn á hana og/eða semja.

Végarður. Unnið er í hægum skrefum að því að bæta nýtingu hússins. Nokkur umræða um mögulega endurskipulagningu í anda þess sem er að gerast með Fjarðaborg á Borgarfirði eystri. Einnig rædd hugmynd um að skipuleggja opinn hádegisverð á fimmtudögum sem yrði í boði fyrir íbúa dalsins. Samþykkt að kann málið og áhugann.

Umsagnir. Töluverð vinna hefur verið lög fram um lög um Hálendisþjóðgarð og lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaganna. Verkefnastjóri FFF hefur meðal annars tekið þátt í þeirri vinnu.

Uppbygging. Verið er að undirbúa tvær nýbyggingar, þ.e. í Brekkugerði og á Arnheiðarstöðum.

Síminn. Það er enn verið að skoða málið, virðist vera í ólagi á Brekku, Víðvöllum fremri, o.fl. Rafey er að skoða málið.

Verkefnastjóri kom á framfæri þakklæti til húsnefndar og sveitarstjórnar gagnvart starfsaðstöðunni í Végarði þar sem búið er að koma fyrir nýjum skrifborðum og stólum í holinu við skrifstofu sveitarstjóra.

2. Staða verkefna hjá verkefnastjóra.

- a) *Verknám* í viðburðarstjórnun frá Háskólanum á Hólum. Sylvía Helgadóttir hefur hafið verknám við Austurbrú undir leiðsögn verkefnastjóra. Hennar aðalnámsverkefni tengist FFF, þ.e. viðburðinum „Fámennt og góðmennt“ sem Svavar Knútur hefur haft frumkvæði að í samstarfi við verkefnastjóra brothættra byggða innan Byggðastofnunar og samstarfsneti þess. Áætlað er að viðburður verði haldinn í Fljótsdal helgina eftir páska, 9-10. apríl.
- b) *Lýðheilsusjóður* hefur styrkt Heilsusamlegt samfélag í Fljótsdal um 200 þús. Það er áætlað í tvo fræðslufyrirlestra, einn á vorönn og annan á haustönn, auk þess að auglýsa upp kvöldgöngurnar í sumar.
- c) *Nýsköpunarsjóður námsmanna* – Umsókn nema í landslagsarkitektúr við Landbúnaðarháskóla Íslands með aðkomu FFF, Fljótsdalshrepps og Hrafnkelsstaða hefur verið send inn til sjóðsins.
- d) *Samfélagssjóður, o.fl.* Töluverður hópur hefur leitað aðstoðar og ráða við mótun hugmynda, umsóknarskrif og yfirllestur. Frestur rann út um miðnætti 17. febrúar. Alls skiluðu sér 30 umsóknir upp á 36 milljónir og heildarkostnaður verkefna upp á 75 milljónir. Upplýsingum um fleiri sjóði hefur jafnframt verið komið á framfæri og hvatt til að sækja um enda fjölmörg verkefni sem komin eru vel á skrið.
- e) *Umhverfisstefna.* Lagður hefur verið grunnur að umhverfisstefnu sveitarfélagsins út frá samantekt Samfélagsþings og með þátttöku Fljótsdælinga í gegnum skoðunarkönnun um umhverfis- og loftslagsmál. Rætt um mikilvægi þess að afla mælikvarða á ýmsu sem mikilvægir eru til að mæla þróun milli ára. Ábending kom fram um að Jón Steinar hafði safnað gögnum sem rétt er að skoða. Umræða um lífræna sorpið í Fljótsdal og meðhöndlun þess. Allir hafa fengið grænar tunnur en tiltölulegur lítill hópur er að nota þær. Samþykkt að stefna að því að standa fyrir fræðslu um flokkun lífræns sorps og moltugerð.

Verkefnastjóri dreifði Ársskýrslu 2020 til nefndarmanna sem Héraðsprent fjölfaldaði.

Önnur mál

- *Skoðunarferð á Borgarfjörð.* Samþykkt var af sveitarstjórn að fara í skoðunarferð á Borgarfjörð eystri og boða samfélagsnefnd og skipulags- og bygginganefnd með. Huga þarf að langferðabifreið með virkum mikrafón. Stefnt er að ferð í marsmánuði.

Næsti fundur boðaður í nefndinni 25. mars kl. 14:00.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:25.

Ásdís Helga Bjarnadóttir
ritaði